



Notkunarleiðbeiningar: asmoFilcon A (40% vatn) í 2 vikur eða 1 mánaðaraugnlinsur

Mikilvægt • Lesið eftirfarandi leiðbeiningar vandlega fyrir notkun og geymið til síðari nota. • Fylgið alltaf leiðbeiningunum á þessu blaði og frá augnlækni eða sjóntækjafraeðingi fyrir viðeigandi notkun augnlinsa og augnlinsuumhirðuvara þ.m.t. linsuboxa.
--

FYRIR 2 VIKNA AUGNLINSUR

Inngangur

asmoFilcon A (40% vatn) er blá mjúk augnlinsa úr sílikonhlaupi með 40% vatnsinnihald. Hver sæfð asmoFilcon A (40% vatn) liggur í jafnaðri saltlausn í stöku plastiláti með þynnunnsigli.

Ábendingar

asmoFilcon A (40% vatn) augnlinsan er einnota augnlinsa ætluð til daglegrar notkunar eða allt að 7 daga lengri notkun til að leiðrétta ljósbrotsskekkju (nærsýni, fjarssýni og/eða sjónskekkju) hjá einstaklingum sem eru með augastein og án augnsjúkdóma.

Takmarkanir á notkun

Hreinsaðu og sótthreinsaðu augnlinsuna eftir að þú tekur hana úr í samræmi við hreinsunar- og sótthreinsunarkerfið sem augnlæknir eða sjóntækjafraeðingur ráðlagði þér. Skiptu út augnlinsunum á 2 vikna fresti fyrir nýjar. Passaðu að ráðfæra þig við augnlækni eða sjóntækjafraeðing varðandi augnlinsutímaáætlun sem byggist á þínum þörfum. Fargaðu alltaf augnlinsunum eftir tilætlaðan notkunartíma. Ef þú notar augnlinsurnar lengur en tilætlaður notkunartími segir til um eykur það hættuna á augnvandræðum.

FYRIR 1 MÁNAÐARAUGNLINSUR

Inngangur

asmoFilcon A (40% vatn) er blá mjúk augnlinsa úr sílikonhlaupi með 40% vatnsinnihald. Hver sæfð asmoFilcon A (40% vatn) liggur í jafnaðri saltlausn í stöku plastiláti með þynnunnsigli.

Ábendingar

asmoFilcon A (40% vatn) augnlinsan er ætluð til einnota daglegrar notkunar til að leiðrétta ljósbrotsskekkju (nærsýni, fjarssýni og/eða sjónskekkju) og/eða ellifjarsýni hjá einstaklingum sem eru með augastein og án augnsjúkdóma.

Takmarkanir á notkun

Hreinsaðu og sótthreinsaðu augnlinsuna eftir að þú tekur hana úr í samræmi við hreinsunar- og sótthreinsunarkerfið sem augnlæknir eða sjóntækjafraeðingur ráðlagði þér. Skiptu út augnlinsunum á mánaðarfresti fyrir nýjar. Passaðu að ráðfæra þig við augnlækni eða sjóntækjafraeðing varðandi augnlinsutímaáætlun sem byggist á þínum þörfum. Fargaðu alltaf augnlinsunum eftir tilætlaðan notkunartíma. Ef þú notar augnlinsurnar lengur en tilætlaður notkunartími segir til um eykur það hættuna á augnvandræðum.

FRÁBENDINGAR

Ekki nota augnlinsurnar ef um er að ræða eftirfarandi ástand.

- Bráð og meðalbráð bólga eða sýking í fremra hólfi augans
- Sjúkdómar, áverkar eða afbrigðileiki sem hefur áhrif á glæru, tárur eða augnlok
- Alvarlega skert seyting tárur (þurr augu)
- Snertiskynsminnkun í glæru (skert næmi í glæru)
- Fjölkerta sjúkdómar sem geta valdið því að notkun augnlinsa hafi neikvæð áhrif á augað
- Ofnæmisviðbrögð sem geta verið af völdum augnlinsa og/eða augnlinsuvökva
- Virk sýking í glæru
- Roði eða erting í auga
- Ófullnægjandi gróandi í glæru eftir augnaðgerð

VARNADARORÐ

Notendur þurfa að þekkja eftirfarandi viðvaranir sem varða notkun á augnlinsum.

- Vandamál af völdum augnlinsa og notkunar á augnlinsuumhirðuvörum, s.s. sár á glæru, geta myndast hratt og leitt til varanlegrar sjónskerðingar. Komi fram óþægindi í augum, mikið tárarennslí, breytingar á sjón eða augnroði skal tafarlaust fjarlægja linsurnar og hafa samband við augnlækinn eða sjóntækjafraeðinginn.

VARÚÐARREGLUR

- Farið varlega með augnlinsurnar (ekki missa þær).
- Snertið linsuna ekki með nöglunum.
- Best er að setja linsurnar í áður en snyrtivörur eru notaðar. Forðist snyrtivörur, húðkrem, krem og úða meðan linsurnar eru í augnum og við meðhöndlun þeirra.
- Leiðið ráða hjá augnlæknum eða sjóntækjafraeðingnum áður en lyf eru notuð í augnum.
- Ef linsan er þurr í augnu skal setja nokkra dropa af ráðlögðu smurefni eða rakagefandi lausn beint í augað (í samræmi við ráð frá augnlækni eða sjóntækjafraeðingi) og bíða þar til linsan byrjar að hreyfast frjálsglega áður en hún er fjarlægð. Ef óþægindin vegna linsunnar lagast ekki skal tafarlaust leita ráða hjá augnlæknum eða sjóntækjafraeðingi.
- Forðist skaðlegar eða ertandi gufur og reyk meðan linsurnar eru í augnum.
- Ef efni berast í augu skal skola augun strax með kranavatni. Fjarlægðu linsurnar tafarlaust og hafið samband við augnlækinn eða sjóntækjafraeðing eða farið strax á bráðamóttöku sjúkrahúss.
- Spyrið augnlækinn eða sjóntækjafraeðing um notkun augnlinsa við íþróttaiðkun, í vatni eða í vissum starfsgreinum.
- Mælt er með að margskiptar augnlinsur eða margskiptar augnlinsur fyrir sjónskekkju séu aðeins notaðar í aðstöðum sem þú þekkir vel til (eru ekki sjónrænt krefjandi) á meðan á aðlögunartíma stendur. Forðastu sérstaklega að keyra vélknúnu ökutæki á meðan á aðlögunartíma stendur.
- Skyndilegt ljós á meðan margskiptar augnlinsur eða margskiptar augnlinsur fyrir sjónskekkju eru í notkun geta valdið minnkaðri sjónskerpu. Ráðfærðu þig við augnlækni eða sjóntækjafraeðing ef þér finnst óþægilegt að nota augnlinsurnar í björtu ljósi.
- Nauðsynlegt er að fara í eftirlit reglulega til að tryggja heilbrigði augnanna.
- Leiðið ráða hjá augnlæknum eða sjóntækjafraeðingnum ef skipt er um linsutegund eða aðrar breytingar eiga sér stað.
- Láttu lækinn þinn vita að þú notar augnlinsur.
- Geymið augnlinsur við stofuhita. Ekki leyfa linsunum að frjósa.
- Ráðfærðu þig við augnlækni eða sjóntækjafraeðing ef þú þarft að geyma augnlinsurnar í lengri tíma.
- Ef linsur verða þurrar í linsuboxinu skal hafa samband við augnlækinn eða sjóntækjasérfræðing.
- Aldrei má deila augnlinsum með öðrum.

AUKAVERKANIR

Ef eitthvert eftirfarandi vandamál kemur upp skaltu strax taka augnlinsurnar úr þér og skoða þær til að tryggja að þær séu óskemmdar. Ef augnlinsurnar eru ekki skemmdar, skaltu hreinsa þær og sótthreinsa áður en þú notar þær aftur. Ef vandamálið er viðvarandi, skaltu fjarlægja linsurnar og leita tafarlaust meðferðar. Alvarlegur augnskaði getur orsakast af þessu, svo sem sýkingu, sári á glæru, nýæðamyndun eða lithimnubólgu.

- Stingir, sviði eða kláði í augum, eða annar augnverkur
- Stöðug tilfinning um að aðskotahlutur eða rispur séu á auganu
- Mikil táramyndun, óeðlileg augnseyting, roði, minnkuð sjónskerpa, þokusýn, geislabaugar, ljósfælni eða þurr augu

Ef upp koma einhver tilvik við notkun á snertilinsunum skal tilkynna slíkt til viðurkennds fulltrúa og/eða framleiðanda og til lögbærs yfirvalds.

MEDHÖNDLUN AUGNLINSA

- Alltaf skal þvo, skola og þurrka hendur vandlega áður en linsurnar eru snertar.
- Notið ekki augnlinsurnar ef sæfðar umbúðirnar hafa verið opnaðar eða þær skemmdar, eða ef komið er fram yfir fyrningardagsetningu.
- Meðhöndlaðu alltaf vinstri og hægri linsurnar í sömu röð til að forðast að rugla þeim saman.

Linsulítið opnað:

1. Fjarlægðu þynnuna til að opna ílátið.
2. Í íláti er ein augnlinsa með íhvolfa hlið upp.
3. Takið linsuna varlega úr og skoðið hana til að tryggja að hún sé laus við skemmdir eða aðskotahluti.

Linsan sett í augað:

Venjulegri aðferð við að setja í augnlinsu er lýst hér að neðan. Hafðu samband við augnlækni eða sjóntækjafræðing fyrir frekari upplýsingar ef þess þarf.

1. Setjið augnlinsuna á fingurgóm vísifingurs á ríkjandi hendi með íhvolfu hliðina upp.
2. Gætið þess að linsan sé ekki úthverf með því að setja hana á vísifingurinn og skoða hana frá hlið.
3. Haldið augnlokunum útglenntum með því að toga í efra augnlokið með löngutöng víkjandi handar og neðra augnlokið með löngutöng hinnar handarinnar.
4. Færið linsuna upp að auganu og horfið beint áfram, og komið linsunni varlega fyrir á glærunni.
 - Ekki þrýsta linsunni að auganu.
5. Sleppið augnlokunum og deplið augnum gætilega.
6. Gerið eins við hina linsuna.
- Ef sjónin er óskýr eftir að linsan hefur verið sett í:
 - Ef linsan er ekki staðsett fyrir miðju:
 - Horðu í spegil og hagræddu jafri linsunnar varlega til að færa hana á glærunni á með augað opið. Þrýstu fingri á brún efra eða neðra augnloks þar til linsan er fyrir miðju.
 - Ef augnlinsan er fyrir miðju:
 - Skal taka linsuna úr. Það gæti orsakast af:
 - Yfirborð linsunnar er óhreint.
 - Linsan er í röngu auga.
 - Linsan snéri öflugt þegar hún var sett í augað.
- Ef sjónin er enn óskýr eftir að ofangreindir möguleikar hafa verið kannaðir skal fjarlægja augnlinsuna og hafa samband við augnlækni eða sjóntækjafræðing.
- Ef þú finnur fyrir verulegum óþægindum á meðan þú ert með linsurnar, skaltu taka þær strax úr og leita ráða hjá augnlækni eða sjóntækjafræðingi.
- Ef um augnlinsur fyrir sjónskekkju er að ræða skal setja linsuna á glæruna þannig að táknið vísi niður. (Sjá mynd 1.)
- Fyrir margskiptar augnlinsur (ADD HIGH) skaltu setja augnlinsurnar í augað þannig að þríhyrningsmerkið vísi í átt að gagnauganu. (Sjá mynd 2.)
- Margskiptar augnlinsur fyrir sjónskekkju eru með merki til að athuga hvernig augnlinsan passar. (Sjá mynd 3.)

Linsan fjarlægð:

1. Horðu upp á meðan þú heldur höfðinu beinu.
2. Dragið niður neðra augnlok með löngutöng handar sem ekki er ráðandi og setjið vísifingur ráðandi handar á neðri brún augnlinsunnar.
3. Dragið linsuna niður á hvíta hluta augans.
4. Klípið varlega í linsuna með þumli og vísifingri ráðandi handar.
5. Fjarlægjið linsuna.
6. Gerið eins við hina linsuna.

UMHIRDA AUGNLINSANNA

- Notaðu alltaf augnlinsuumhirðuvörur sem augnlæknir eða sjóntækjafræðingur hefur ráðlagt. Aldrei nota umhirðuvörur fyrir harðar loftgleypnar augnlinsur.
- Ekki nota kranavatn við umhirðu augnlinsa og linsuboxa. Notkun á kranavatni eykur hættu á bakteríusýkingu.
- Alltaf nota nýjar augnlinsuumhirðuvörur sem eru ekki útrunnar.
- Ekki víxla út eða blanda saman augnlinsuumhirðuvörum nema leiðbeiningar með vörunum segi fyrir um það eða samkvæmt ráðleggingum frá augnlækni eða sjóntækjafræðingi.
- Hitasóttþreinsun er ekki ráðlögð.
- Geymdu augnlinsurnar á kafi í linsuvökva þegar þær eru ekki í notkun.
- Hreinsaðu og skolaðu linsuboxið með umhirðuvörum og leyfðu því að loftþorna eftir hverja notkun. Skiptu um linsubox reglulega.

TÁKN Á UMBÚÐUM OG LINSULÁTUM

TÁKN					
SKILGREINING	Lesið leiðbeiningar fyrir notkun	Lotukóði	Notist fyrir (Fyrirgærdagsetning)	Framleiðsludagur	
TÁKN					
SKILGREINING	Sæft með gufu eða þurrum hita	Einfaldur sæfingartálmi	Ekki nota ef umbúðirnar eru skemmdar	Ekki frysta	
TÁKN					
SKILGREINING	Lækningatæki	Einkvæm tækjaauðkenning	ESB innflutningsaðili		
TÁKN					
SKILGREINING	Þvermál	Grunnkúrfa	Díoptría (Linsustyrkur)	Díoptría (Styrkur til að leiðrétta sjónskekkju)	Viðbótarstyrkur
TÁKN					
SKILGREINING	Díoptría (samlagningarkraftur)		Mikill samlagningarkraftur hönnun (+2,00 D)		Lár samlagningarkraftur hönnun (+1,00 D)



Framleiðandi: Menicon Co., Ltd. 3-21-19, Aoi, Naka-ku, Nagoya, 460-0006 Japan www.menicon.com



Viðurkennur fulltrúi: Menicon Holdings B.V. Waanderweg 6, 7812 HZ, Emmen, The Netherlands


Útgáfudagur 2023-09

©2023, Menicon Co., Ltd.




0483 RDASRBPI008_is

Fyrir augnlinsur fyrir sjónskekkju




Mynd 1

Fyrir margskiptar augnlinsur (ADD HIGH)



Mynd 2

Fyrir margskiptar augnlinsur fyrir sjónskekkju (ADD LOW)



Mynd 3